

Alþingi
Erindi nr. P 128/922
komudagur 6.2.2003



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsögðu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is


Reykjavík 5. febrúar 2003


Tilvísun: MMR02110193/13.100; 01.020/VÁ/--

Menntamálaráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þinsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Meðfylgjandi er umsögn menntamálaráðuneytisins. Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

F.h.r.


Guðmundur Árnason


Valur Árnason

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum
128. löggjafarþing 2002 - 2003.
Þskj. 29 - 29. mál.

Þingsályktunartillagan hljóðar svo: "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaráætlun sem hafi það að markmiði að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum." Í greinargerð með tillögunni er vísað til fyrirhugaðra framkvæmda í orku- og iðnaðarmálum á Austfjörðum, ákvarðana stjórnvalda um að bjóða út gerð þriggja jarðganga á Norðausturlandi og minnst á að í byggðaáætlun sem samþykkt hafi verið á liðnu vori hafi aðaláhersla verið lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Jafnframt segir í greinargerðinni að veruleg hætta sé á því, ef fram fari sem horfi, að næstu ár verði öðrum svæðum í dreifbýlingu mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefni. Í því sambandi er m.a. bent á að sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsgæður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða. Einnig er lagt til að aukið fé verði lagt til menntamála á landsbyggðinni.

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum árum unnið að margs konar verkefnum sem stuðla að því að auka tækifæri fólks í dreifðum byggðum. Má þar nefna eflingu þjónustu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni með aukinni þjónustu við nemendur, bættu námsframboði og betri fjarskiptum. Þann 1. febrúar verður tekið í notkun nýtt háhraðanet (FS-net) sem tengir saman framhaldsskóla, höfuðstöðvar og útibú símenntunarmiðstöðva á fjörutíu stöðum á landinu. Tilkoma þessa nets mun gjörbreyta öllum fjarskiptum menntastofnana og tryggja íbúum fámennra staða á landsbyggðinni jafna aðstöðu til fjarnáms.

Í verkefnáætlun sinni um rafræna menntun, Forskoti til framtíðar, hefur menntamálaráðuneytið lagt áherslu á þróun dreifmenntunar. Dreifmenntun er nýtt hugtak sem lýsir blöndu af menntun sem er sótt með aðferðum fjarnáms/kennslu og staðbundins náms/kennslu. Dreifmenntun jafnar möguleika nemenda til náms og nýtir betur sérþekkingu kennara óháð búsetu. Þannig geta nemendur sem til dæmis eru búsettir í dreifbýli sótt dreifnám sem er sniðið að þeirra þörfum án þess að flytjast búferlum. Kennarar geta stundað starf sitt í fjarvinnu óháð búsetu.

Menntamálaráðuneytið vinnur nú að dreifmenntunarverkefnum á öllum skólastigum. Má þar nefna verkefni um dreifmenntun á grunnskólastigi í samvinnu við sveitarfélög í Vesturbyggð og á Tálknafirði sem hófst sl. haust. Á framhaldsskólastigi hefur framboð á fjarnámi stóruaukist. Gott dæmi um hvernig sveitarfélög hafa nýtt sér slíkt framboð í þágu íbúa sinna er á Grundarfirði þar sem byggð hefur verið upp aðstaða fyrir nemendur til að stunda framhaldsskólanám með dreifmenntunarsniði í þeirra heimabyggð.

Á háskólastigi hefur menntamálaráðuneytið fylgt þeirri stefnu að efla þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna háskólanáms. Þar er lögð áhersla á að veita stoðþjónustu við stúdenta, aðstöðu fyrir kennslu og námsver fyrir nema sem stunda fjarnám frá háskólum sem fyrir eru í landinu. Þannig hefur verið lagður grunnur að háskólanámssetrum á landsbyggðinni.

Að mati menntamálaráðuneytisins stuðla þessar aðgerðir að jafnvægi í byggðamálum en í þeim er upplýsingatækni nýtt á markvissan hátt til að auka námsmöguleika á landsbyggðinni. Telur ráðuneytið rétt að á grunni sterfðu sinnar og fyrirliggjandi byggðaáætlunar sé áfram unnið að auknu jafnvægi í byggðamálum og lagt til þess fé.